**From:** Lína Björg Tryggvadóttir
**Sent:** Fri, 11 Oct 2024 11:56:05 +0000
**To:** Sylvía Karen Heimisdóttir; Haraldur Þór Jónsson; Aldís Hafsteinsdóttir; Jón Bjarnason; Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Ásta Stefánsdóttir; Oddviti Bláskógabyggðar
**Subject:** Óskað eftir að skýrsla um inngildingu íbúa með erlendan bakgrunn verði tekin fyrir á sveitarstjórnarfundi
**Attachments:** Útdráttur.pdf, Skýrsla -Fjölmenning í Uppsveitum.pdf

Komið þið sæl.
Ég sendi ykkur hér með skýrslu okkar, „*Inngilding íbúa með erlendan bakgrunn í Uppsveitum Árnessýslu: Niðurstöður íbúafunda og könnunar 2024*", ásamt útdrætti sem veitir yfirlit yfir helstu niðurstöður og tillögur.
Skýrslan er afrakstur samráðsferlis sem haldið var með íbúum sveitarfélaganna til að greina tækifæri til að bæta inngildingu og samfélagsþátttöku íbúa með erlendan bakgrunn. Markmið verkefnisins er að stuðla að sterkara og fjölbreyttara samfélagi sem veitir öllum íbúum jöfn tækifæri til að taka þátt.

Ég óska eftir að skýrslan og útdrátturinn verði tekin til umfjöllunar á næsta sveitarstjórnarfundi ykkar og að tillögur hennar verði teknar til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir næsta ár. Mikilvægt er að tryggja fjármögnun svo hægt sé að framfylgja þeim aðgerðum sem lagðar eru til í skýrslunni, ef sveitarfélögin samþykkja að ráðast í þær.

Með kveðju
Lína Björg Tryggvadóttir
Byggðaþróunarfulltrúi
Uppsveitum Árnessýslu
S: 859-7870

BLÁSKÓGABYGGÐ | GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR | HRUNAMANNA-HREPPUR | SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

*Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.*